

Matorka ehf.
Hlíðasmára 6
201Kópavogur

Reykjavík, 1. desember 2021
UST202101-338/F.T.
08.12.02

Samþykkt úrbótaáætlun með athugasemdum

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 13. ágúst þar sem óskað var eftir útbótaáætlun vegna fráviks sem skráð var í eftirliti þann 8. júní 2021 í fiskeldisstöð Matorku ehf. svæði i5 á Húsatóftum við Grindavík. Umhverfisstofnun hefur nú borist úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.5 í starfsleyfi.** Krafa er um hreinsun frárennslis. Nú rennur frárennslí óhreinsað til sjávar.

Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að frárennslí verði mælt mánaðarlega frá ágúst 2021. Í gangi sé þróunarvinna varðandi nýtingu á lífrænu frárennslí meðal erlendra og innlendra aðila og sú vinna verði í gangi næstu tvö til þrjú árin. Í áætlun rekstraraðila segir að söfnun á lífrænum úrgangi eftir tromlusíun muni hefjast eigi síðar en 31. desember 2023. Stofnunin telur ekki rétt að fallast á svo langan frest þar sem um er að ræða skýra kröfu í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila með þeim fyrirvara að veittur er frestur til 31. desember 2022, ekki 31. desember 2023 eins og rekstraraðili leggur til í úrbótaáætlun sinni.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gottskálf Friðgeirsson

Frigg Thorlacius